

### **Markmið**

Að nemendur:

Þekki stafina og hljóð þeirra. Geti dregið rétt til stafs og beitt skriffærum rétt. Geti raðað orðum í rétta stafrófsröð.

Kunni uppbyggingu málsgreinar og að þær byrja á stórum staf og enda á punkti.

Þekki grunnþætti tungumálsins og greini mun á helstu orðhlutum svo sem: samnöfnum, sérnöfnum, andheitum, samheitum og samsettum orðum.

Kunni uppbyggingu texta og geti skipt frásögn í upphaf, miðju og endi. Geti samið texta frá eigin brjósti.

Geti aflað sér upplýsinga úr gagnagrunni svo sem bókum og tölvum.

### **Kennsluaðferðir/vinnulag**

Fjölbreyttar innlagnir, unnið í hringekjum þvert á árganginn. Einstaklings- og hópavinna.

Kennsluefni sniðið að þörfum einstaklinga.

Ritsmiðja eftir áramót.

### **Námsmat**

Lesfímipróf (lesferill) í sept, jan og maí. Miðað er við 90 orð á mínútu við lok árs, 100 orð á mín. að vori.

Aston Index, stafsetning.

Orðarún (nóv./des. og maí)

### **Námsgögn**

Fjölbreyttar barnabækur

Lesrún, hefti 1 – lesa og skilja.

Könnum kortin, hefti 1.

Ritrún 3.

Skriftarbækur þar sem gefin er forskrift, skrift 3.

Ýmislegt ljósritað efni búið til af kennurum.